

Kirkjuþing 2023-2024

19. mál - þskj. 19a

TILLAGA

til þingsályktunar að bættu aðgengi að sóknartali og félagatali og möguleika á tölvukerfi sem heldur utan um félagatal sókna.

(Lagt fyrir 65. kirkjuþing 2023-2024).

Flutt af Benjamín Hrafní Bøðvarssyni, Guðna Má Harðarsyni.

Frsm. Guðni Már Harðarson.

Kirkjuþing 2023-2024 samþykkir að skipa þriggja manna starfshóp, sem vinnur náið með starfsfólki á þjónustumiðstöð kirkjunnar og hefur það hlutverk að vinna að bættu aðgengi sóknarnefnda og presta að sóknartali og félagatali sóknanna. Starfshópurinn kannar möguleika og kostnað við að fá kerfi sem heldur utan um skráningar.

Starfshópurinn kynnir kirkjuþingi að vori 2024 niðurstöður sínar með það að markmiði að taka í notkun hugbúnað sem allar sóknir og prestar geta haft aðgang að til hægðarauka fyrir starf og vöxt kirkjunnar. Tímasett verður í tillögunni hvenær rétt yrði að taka slíkt kerfi í notkun.

Greinargerð.

Þjóðskrá Íslands geymir upplýsingar um hvaða fólk býr innan sóknarmarka. Þjóðskrá aðgreinir einnig hvert sóknargjöld renna. Notkun á sóknartölum dregnum úr þjóðskrá ætti að vera lykilverkfæri í störfum allra sókna. Margþætt tækifæri gefast við greiningu sóknartala.

Prestar og starfsfólk sókna hafa ekki nógu auðveldan aðgang að upplýsingum yfir íbúa sóknarinnar og þörf er á betrubótum.

Hvað þarf að gera?

Það þarf að skoða hvaða leiðir eru færar til að gera upplýsingar um sóknarbörn aðgengilegri fyrir presta og annað starfsfólk innan þess ramma sem persónuverndarlög leyfa. Er möguleiki á að kalla fram sértækar upplýsingar og senda póst eða kynningar á aldurstengd úrtök úr félagatali sóknarinnar? Nefndinni yrði falið að skoða persónuverndarlög, félagatal, möguleika á að kalla fram stöðu á úrsögnum og innskráningum í þjóðkirkjunnar, hvort raunhæft sé að taka upp skráningar og greiðslukerfi fyrir fermingarfræðslu, tónleika og námskeið o.þ.h. Kerfi sem Þjóðkirkjan kostaði fyrir sóknir óháð stærð eða landfræðilegri legu, enda er ekkert mikilvægara fyrir vöxt sóknanna en fjölgun meðlima. Nefndin myndi sækja í mannauð kirkjunnar og leita ráða innan sóknarnefnda og þekkingaraðila í grasrót.

Skipaður var starfshópur á kirkjuþingi 2022-2023, byggður á þingsályktunartillögu Gísla Gunnarssonar (Mál nr. 11) sem fékk það hlutverk að kanna hvernig best sé að halda utan um skráningu sóknarbarna í þjóðkirkjunna. Þessi tillaga er af sama meiði en leitar formlegs

umboðs frá kirkjuþingi um að skoða formlega hvernig tölvukerfi gæti þjónað sóknum landsins sem best verður á kosið.

Áætlaður kostnaður tengdur nefndarstörfum er allt að 700.000 krónur.